

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 13. apríl 2004
2004040001/42-1
SB/hj

Umsögn um frumvörp til ábúðarlaga og jarðarlaga

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar dags. 1. apríl 2004 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreind frumvörp.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp til ábúðarlaga. Vegna frumvarps til jarðarlaga vill stofnunin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ríkið sé stærsti jarðeigandi landsins. Þar kemur einnig fram að markmið frumvarpsins sé m.a. að "færa löggjöf um jarðir í átt til nútímans" (greinargerð, bls. 21) og þar með að þeirri landnýtingu sem tíðkast í dag. Ýmis ný ákvæði í frumvarpinu undirstrika þetta markmið og eru til bóta að mati Náttúrufræðistofnunar. Þó virðist ástæða til að skerpa ákvæði er lúta að ábyrgð ríkisins sem jarðeiganda varðandi vernd búsvæða og annarra náttúruminja.

Í 16. gr. frumvarpsins er nýmæli um að landbúnaðarráðuneytið skuli 31. desember ár hvert gefa út jarðaskrá þar sem m.a. komi fram upplýsingar um „ræktun, mannvirki, nýtingu ... og önnur atriði sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð“. Náttúrufræðistofnun fagnar þessu nýmæli en telur æskilegt að þessi skrá geymi einnig upplýsingar um mikilvægar náttúruminjar á jörðum í ríkiseign, t.d. sjaldgæfar og/eða mikilvægar vistgerðir eða búsvæði sjaldgæfra og/eða mikilvægra tegunda. Náttúruminjaskrá er ekki tæmandi heimild um slíkar náttúruminjar.

Í 45. grein eru ákvæði um að ríkisjarðir sem þörf er á að ráðstafa til opinberra nota skuli ekki selja samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis eða stjórnvalda, eftir að umsagna hefur verið leitað hjá fagstofnunum. Í greinargerð (bls. 41) er sagt að undir þetta ákvæði "geti t.d. fallið tilvik þegar þörf er á jörð til atvinnu- eða verðmætasköpunar,...jarðir á friðuðum svæðum eða jarðir sem hafa sögulegt gildi eða geyma merkar fornminjar". Við þessa upptalningu væri eðlilegt að bæta "merkum náttúruminum" og að bæta Náttúrufræðistofnun Íslands á listann yfir þær stofnanir sem leita skal umsagnar hjá. Náttúruminjaskrá geymir, eins og fyrr segir, ekki tæmandi skrá yfir allar náttúruminjar landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands ber lögum samkvæmt að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og byggja upp aðgengileg gagnasöfn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru.

Í 46. grein eru nýmæli um að við sölu ríkisjarða sé skylt að undanskilja jarðefni og rétt til efnistöku sem og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir. Þarna væri eðlilegt, að mati

Náttúrufræðistofnunar, að undanskilja einnig merkar náttúru- og menningarminjar, sbr. ofanskráð eða a.m.k. setja inn ákvæði um að við sölu ríkisjarða sé heimilt að setja kvaðir á nýja eigendur um að tilteknum náttúruverðmætum á jörðinni verði ekki raskað.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur því til eftirfarandi breytingar við frumvarpsdrögin:

16. gr.

Við fyrstu málsgrein, aðra setningu bætist (undirstrikað): "...mannvirki, ræktun, nýtingu, náttúru- og menningarminjar, hvort..." Við aðra málsgrein, fyrstu setningu bætist: "...sýslumönnum-og, opinberum aðilum og fagstofnunum er skylt..."

Greinargerð

Sjá fyrir. Með "og fagstofnunum" er t.d. átt við Náttúrufræðistofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, o.fl.

46. gr.

Fyrirsögn greinarinnar verði "Réttindi undanskilin sölu og kvaðir á kaupendur".

Eftir fyrstu málsgrein bætist við svohljóðandi málsgrein:

"Við sölu ríkisjarða er heimilt að setja kvaðir á kaupendur um að tilteknum mikilvægum náttúruverðmætum á jörðinni, svo sem mikilvægum vistgerðum eða búsvæðum, verði ekki raskað".

Greinargerð:

Ríkisjarðir á landinu skipta hundruðum og spanna stórt landsvæði. Á mörgum þeirra er að finna einstök afmörkuð náttúrufræðisgildi sem ekki eru á náttúruminjaskrá, svo sem merk votlendi, búsvæði sjaldgæfra fugla eða plantna, arnar- og fálkasetur, tilteknar sjaldgæfar vistgerðir, o.fl., sem ástæða getur verið til að vernda sérstaklega. Þess vegna er eðlilegt að hafa slíkt heimildarákvæði í lögnum.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til eftirfarandi breytingar við greinargerð með frumvarpinu:

Um 45. gr.

Við fyrstu setningu bætist: "...eða jarðir sem hafa sögulegt gildi eða geyma merkar náttúru- og fornminjar. Við sjöttu setningu bætist: "...við ákvörðun um sölu t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands ef um er að ræða jarðir sem geyma merkar náttúruminjar, Landgræðslu"

Greinargerð:

Sjá fyrir.

Virðingarfyllt

Snorri Baldursson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS